

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

MÁNUDAGINN 24. JÚNÍ VAR HALDINN 5. FUNDUR MENNINGAR OG  
KYNNINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, FIMMTUDAGINN 23. JÚNÍ. 2016, KL. 18:00

Mættir eru Haukur Þorsteinsson, María Guðbrandsdóttir boðaði forföll, Oddný Bergsdóttir mætti í hennar stað, Dagbjört Hjaltadóttir og Pétur G. Markan, starfsmaður sveitarfélagsins.

### Dagskrá:

1. Samningur við Þórð Sigurðsson vegna notkunar á myndasafni.
2. Heimasíða Súðavíkurrepps.
3. Ferðapjónustusíða Súðavíkurrepps undir Westfjords.is – pilot verkefni í samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða. Tilnefning tengiliðs fyrir verkefnið.
4. Þakkargjöf vegna 20 ára framlags Færeyinga til uppbyggingar leikskólans í Súðavík eftir snjóflóðin 1995. Tilnefning í nefnd sem mun vinna með Ísfirðingum, sem einnig nutu framlags frá Færeyingum eftir flóðin á Flateyri sama ár.
5. Bláberjadagar 2016 2. sept – 4. sept 2016
6. Gönguhátíð í Súðavíkurreppi um Verslunarmannahelgina.
7. Kvikmyndahátíð í Samkomuhúsi Súðavíkinga, veturinn 2016 – 2017.
8. Erindi frá Þorsteini Hauki Þorsteinssyni.
9. Önnur mál.

- 
1. Ákveðið að ganga til samninga við Þórð Sigurðsson varðandi aðgengi að myndabanka Þórðar og þjónustu við facebook síðu sveitarfélagsins.

Ákveðið sveitarstjóri setji upp drög að samning og beri undir nefndina póstleiðis.

2. Rætt um vinnu við heimsíðu Súðavíkurbrepps. Nefndin leggur áherslu á efni inni á síðunni sé uppfært um leið og breytingar eiga sér stað.

Sveitarstjóri upplýsir að drög að nýju útliti verði klárt í júlí og verði þá kynnt nefndinni og rýnihópi sem settur var saman til að koma að vinnu síðunnar.

3. Rætt um nýja síðu sveitarfélagsins, undir verkefninu Westfjords.is, sem verður pilot verkefni sveitarfélaganna á Vestfjörðum, þar sem ferðaþjónusta sveitarfélagsins verður kynnt. Verkefnið verður unnið af Markaðstofu Vestfjarða.

Nefndin skipar Salvar Baldursson sem tengilið sveitarfélagsins við verkefnið og Markaðsstofu Vestfjarða.

4. Nefndin tilnefnir Dagbjörtu Hjaltadóttur sem fulltrúa sveitarfélagsins í nefndina.
5. Nefndin leggur til að styrkur sveitarfélagsins verði sá sami og undanfarin ár. Nefndin leggur til að tónleikahluti Bláberjadaga fái 200 þús. krónur af þessum styrk.
6. Nefndin samþykkir að styrkja hátíðina um 200 þús. krónur.
7. Áætlað að fara af stað með samfélagsverkefni næsta haust, kvikmyndahátíð veturinn 2016 – 2017 í Samkomuhúsinu í Súðavík.

Lagt fram til kynningar.

8. Hér vikur Haukur af fundi.

Nefndin tekur vel í erindið. Nefndin óskar eftir frekari fjárhagsupplýsingum um verkefnið.

9. Ekkert annað rætt.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið 10:45

Sign.

Haukur Þorsteinsson

Dagbjört Hjaltadóttir

Pétur G. Markan  
Sveitarstjóri

Oddný Bergsdóttir

